

Brim hf.  
Norðurgarði 1  
101 Reykjavík

Egilsstaðir, 9.10.2023  
UST202301-265/F.Æ.  
08.12.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 11.9.2023 - Fiskimjölsverksmiðja Brims á Vopnafirði**

Þann 11. september sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Brims á Vopnafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### **Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.**

#### **Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:**

1. Rekstraraðili skal gera kröfur um að afli sem kemur til vinnslu sé ísaður, kældur eða rotvarinn til að tryggja ferskt hráefni. TVN-gildi við löndun þann 13.5. sl. var 99,6 og í því tilviki barst ekki ferskt hráefni til verksmiðjunnar.
2. Uppfæra þarf viðbragðsáætlun rekstraraðila skv. gr. 4.4 í starfsleyfi og bæta í hana verklagi varðandi útskipun á mjöli.
3. Mæla skal efnainnihald í öllu frárennsli verksmiðjunnar.

#### **Þrjú frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma árið 2023.  
*Grænu bókhaldi var skilað þann 30.6. sl. og er frávikinu því lokað.*
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma árið 2023.  
*Útstreymisbókhaldi var skilað þann 15.5. sl. og er frávikinu því lokað.*
3. Gr. 2.2 í starfsleyfi. TVN-gildi í hráefni sem tekið var til vinnslu árið 2022 mældist sjö sinnum yfir 100 mg N/100g.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði (fráviki nr. 3) í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 30. október 2023.**

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson  
sérfræðingur